



# Veðurstofa Íslands

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Fjárveitingar og rekstur .....	5
3.1	Fjárveitingar .....	5
3.2	Rekstraráætlun.....	5
3.3	Niðurstaða.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur .....	6
4.2	Umfjöllun .....	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Inngangur .....	7
5.1.1	Ferðakostnaður.....	7
5.1.2	Risna.....	7
5.1.3	Opinber innkaup .....	7
5.1.4	Innkaupakort.....	7
5.1.5	Láns og reikningsviðskipti .....	7
5.1.6	Styrkir.....	7
5.1.7	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur .....	7
5.2	Niðurstaða.....	7
6	Endurskoðun rekstrarliða .....	8
6.1	Rekstrartekjur .....	8
6.2	Rekstrargjöld .....	8
6.2.1	Launagjöld.....	8
6.2.2	Önnur rekstrargjöld .....	8
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	9
7.1	Eignir .....	9
7.1.1	Áhöld og búnaður .....	9
7.1.2	Viðskiptakröfur .....	10
7.1.3	Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga.....	10
7.1.4	Handbært fé.....	10
7.2	Eigið fé og skuldir .....	10
7.2.1	Höfuðstóll .....	10
7.2.2	Ríkissjóður.....	10
7.2.3	Viðskiptaskuldir.....	10
7.2.4	Langtímaskuldir.....	10
7.2.5	Orlofsskuldbinding.....	11
7.2.6	Ógreidd laun, launaleiðrétting.....	11
7.2.7	Frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda .....	11
7.3	Niðurstaða.....	11
8	Önnur atriði .....	12
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	12
8.2	Lögfræðibréf .....	12
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	12
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	12

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið fjárhagsendurskoðun hjá Veðurstofu Íslands fyrir árið 2017.

Endurskoðunin byggir á bókhaldi Veðurstofu Íslands og þeim niðurstöðum sem liggja fyrir við skoðun fyrir árið 2017. Endurskoðunin beindist að þessu sinni að því að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál og þar með gerð stofnefnahagsreikninga var ekki lokið við gerð ársreiknings Veðurstofu Íslands, þegar endurskoðun fór fram. Því tekur endurskoðunin mið af því að ekki er fyrirliggjandi endanlegur ársreikningur. Stjórnendur Veðurstofu Íslands, sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila stofnunarinnar og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna, telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

Ársreikningur Veðurstofu Íslands var síðast endurskoðaður árið 2017 vegna ársins 2016.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun hjá Veðurstofu Íslands fyrir árið 2017 er lokið án athugasemda. Helstu niðurstöður Ríkisendurskoðunar eru eftirfarandi:

### 1. Fjárveitingar og rekstur

Rekstur árið 2017 er innan fjárveitinga og uppsafnaður tekjuafgangur Veðurstofu Íslands er jákvæður um 30,9 m.kr. í árslok 2017. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins og reglulega er farið yfir fjárhagsstöðu á fundum framkvæmdastjórnar Veðurstofu Íslands.

### 2. Innra eftirlit og fylgni við lög og reglur

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Veðurstofu Íslands varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda og fylgt er þeim lögum og reglugerðum, sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald. Ekki er annað að sjá en að metnaður sé lagður í að fylgja því skipulagi sem ákveðið hefur verið hjá stofnuninni og að ferlið sé skilvirkt.

### 3. Rekstrar- og efnahagsliðir

Endurskoðun rekstrar- og efnahagsliða var án athugasemda.

## 3 Fjárveitingar og rekstur

### 3.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. En fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Veðurstofu Íslands nam 891,7 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2017. Viðbótarfjárveitingar á árinu voru launabætur 9,6 m.kr., úr varasjóði 5,9 m.kr. og framlag til afskrifta 72,4 m.kr. Til lækkunar kemur breyting vegna fjárfestingaframlags 54,1 m.kr. Endanlegar fjárveitingar Veðurstofu Íslands urðu því 925,5 m.kr. á árinu 2017.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri án innri viðskipta á árinu 2017 og rekstri árið 2016:

Í þús. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Rekstrartekjur	-1.504.200	-1.372.903	-131.297	-1.416.365
Launagjöld	1.535.800	1.491.365	44.435	1.421.537
Önnur rekstrargjöld	820.773	674.453	146.320	700.950
Eignir, fyrning	73.109	132.501	-59.391	149.911
<b>Samtals</b>	<b>925.482</b>	<b>925.416</b>	<b>66</b>	<b>856.034</b>

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Meðtalið í afskriftum ársins eru jafnframt afskriftir eldri eigna, sem höfðu verið gjaldfærðar.

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun Veðurstofu Íslands fyrir árið 2017 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Rekstraráætlun var gerð í byrjun árs og miðaði við 891,7 m.kr. fjárveitingu var áætlaður 32,6 m.kr. tekjuhalli. Viðbótarfjárveitingar á árinu námu 33,7 m.kr. og rekstrarniðurstaða ársins varð 0,1 m.kr. tekjuafgangur.

### 3.3 Niðurstaða

Rekstur árið 2017 er innan fjárheimilda. Rekstraráætlunir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins og reglulega er farið yfir fjárhagsstöðu á fundum framkvæmdastjórnar Veðurstofu Íslands.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstjóri Veðurstofu Íslands ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti stofnunarinnar reyndist það almennt vera í lagi. Fyrir fjármál og bókhald notar Veðurstofan fjárhagsbókhald ríkisins. Vinnustund er notuð fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna, einnig er notað verkbókhald fjárhagskerfisins sem hefur verið aðlagð að þörfum Veðurstofu Íslands. Bókhald er fært hjá Veðurstofu Íslands en rafrænir reikningar eru skráðir hjá Fjársýslu ríkisins. Launafærslur eru sendar til Fjársýslu ríkisins, sem sér um að greiða út laun og launatengd gjöld ásamt staðgreiðslu. Ábyrgð og umsjón með bókhaldi og fjárreiðum er vel skilgreind og afmörkuð. Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi fjárhagsbókhaldsins.

Gæðahandbók er í notkun hjá Veðurstofu Íslands. Þar eru skriflegar reglur um ýmsa þætti innra eftirlits varðandi fjármál, innkaup, bókhald og mannauðsmál. Stofnunin er með vottað gæðastjórnunarkerfi ISO 9001 og stjórn- og upplýsingakerfi ISO 27001. Einnig er stofnunin tekin út einu sinni til tvisvar á ári af Samgöngustofu þar sem Veðurstofan er með flugveðurþjónustu yfir Atlantshafið.

### 4.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Veðurstofu Íslands varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda. Ekki er annað að sjá en að ferlið sé skilvirkt og að metnaður sé lagður í að fylgja því skipulagi sem ákveðið hefur verið hjá stofnuninni.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er skoðað hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við lög og reglur varðandi fjárreiður og bókhald. Um fjárveitingar og rekstraráætlun er fjallað í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru auk þess teknir til skoðunar vegna ársins 2017:

#### 5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugun á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og á það einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera og er í samræmi við uppgjórið.

#### 5.1.2 Risna

Risnu reikningar voru skoðaðir án athugasemdar. Risnuheimild og tilefni var til staðar.

#### 5.1.3 Opinber innkaup

Veðurstofa Íslands hefur markað sér innkaupastefnu þar sem meðal annars er horft til þarfa, verðs, umhverfissjónarmiða og líftíma vöru. Stofnunin nýtir sér rammisamninga Ríkiskaupa þegar því verður við komið.

#### 5.1.4 Innkaupakort

Stofnunin nýtir innkaupakort meðal annars til greiðslu flugfargjalda og við kaup á ýmsum minni rekstrarvörum.

#### 5.1.5 Láns og reikningsviðskipti

Stofnunin er ekki með samninga um kaupleigu eða fjármögnunarleigu.

#### 5.1.6 Styrkir

Stofnunin greiðir styrk til Háskóla Íslands vegna prófessorsstöðu í veðurfræði auk minni styrkja.

#### 5.1.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færir til eignar á viðskiptareikningi stofnunarinnar við ríkissjóð.

### 5.2 Niðurstaða

Ekki verður annað séð en Veðurstofa Íslands fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnanna í A-hluta.

## 6 Endurskoðun rekstrarliða

Tekjur á árinu námu 1.372,9 m.kr. og gjöld 2.298,3 m.kr. eins og fram kemur í yfirlitstöflu í kafla 3 um fjárveitingar og rekstur.

### 6.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur ársins 2017 námu 1.372,9 m.kr. og lækkuðu um 43,5 m.kr. frá fyrra ári.

Í þús. kr.	2017	2016	Breyting
Rekstrartekjur:			
Framlög frá öðrum en ríkissjóði	995.445	1.005.981	-10.536
Sérfræðiþjónusta	260.684	237.495	23.189
Kostnaðarhlutdeild	84.730	79.813	4.917
Ýmsar þjónustutekjur	7.292	59.333	-52.042
Endurgreiddur ferðakostnaður	3.160	1.257	1.903
Leigutekjur	1.045	1.283	-238
Ýmsar aðrar tekjur	4.975	2.957	2.018
Vaxtatekjur	15.572	28.247	-12.675
<b>Samtals</b>	<b>1.372.903</b>	<b>1.416.365</b>	<b>-43.463</b>

Framlög frá öðrum en ríkissjóði nema 995,5 m.kr. sem skiptist í 227,5 m.kr. framlög og styrki frá opinberum aðilum vegna verkefna og 768,0 m.kr. framlag frá erlendum opinberum aðilum og alþjóðastofnunum. Sérfræðiþjónusta nær yfir tekjur af seldri þjónustu við vatnshæða- og jarðskjálftamæla, snjóflóðaæfirlit, flóðakort og aurburðarrannsóknir. Kostnaðarhlutdeild eru tekjur af kostnaðarþátttöku dönsku veðurstofunnar vegna ofurtölvu og tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu. Lækkun fjármagnstekna skýrist m.a. af breytingum með tilkomu laga um opinber fjármál, en vaxtatekjur af bankareikningum stofnana færast nú hjá ríkissjóði. Endurskoðun tekna var gerð með greiningum og fyrirspurnum án athugasemda.

### 6.2 Rekstrargjöld

#### 6.2.1 Launagjöld

Launagjöld námu 1.491,4 eða 64,9% af heildarútgjöldum og voru endurskoðuð með fyrirspurnum, greiningum og úrtaksskoðun. Hækkun á launakostnaði á milli ára er um 4,8% og skýrist að mestu af samningsbundnum launahækkunum.

#### 6.2.2 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld námu 674,5 m.kr. og lækkuðu um 29,5 m.kr. frá fyrra ári. Endurskoðun fór fram með fyrirspurnum, greiningum og úrtaksskoðunum. Fylgiskjöl voru skoðuð og hvort færslur væru færðar á rétta tegundarlykla, útgjöld samræmdust starfsemi og samþykkt reikninga væri í samræmi við verklagsreglur. Ekki komu fram athugasemdir við skoðun gjaldaliða.



## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt stöðu bókhalds í árslok 2017 þegar endurskoðun fór fram í byrjun október 2018 námu eignir 1.293,0 m.kr., skuldir námu 1.262,2 m.kr., og höfuðstóll var jákvæður um 30,9 m.kr. Sjá neðangreinda yfirlitstöflu.

Í þús.kr.	2017	2016	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Áhöld og búnaður	704.369	782.771	-78.402
Langtímakröfur	21.520	0	21.520
Viðskiptakröfur	184.533	151.591	32.942
Fyrirframgreiddur kostnaður	624	449	175
Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga	139.967	139.967	0
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta	134.061	48.955	85.106
Handbært fé	107.934	89.210	18.723
<b>Eignir alls</b>	<b>1.293.008</b>	<b>1.212.943</b>	<b>80.064</b>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	30.853	30.787	66
Langtímaskuldir	120.000	150.000	-30.000
Ríkissjóður	262.023	227.940	34.083
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta	93.428	68.856	24.572
Viðskiptaskuldir	85.856	54.723	31.133
Ógreitt orlof	144.059	139.967	4.092
Ógreidd laun, launaleiðrétting	59.315	0	59.315
Önnur ógreidd gjöld	88.113	113.028	-24.915
Næsta árs afborganir	30.000	30.000	0
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	379.360	397.642	-18.282
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>1.293.008</b>	<b>1.212.943</b>	<b>80.064</b>

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Áhöld og búnaður

Eignfærsla varanlegra fastafjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF). Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið af Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins. Elstu skráðar eignir eru frá árinu 2007 og afskriftarhlutfall er 10-33%. Af 704,4 m.kr. skráðum eignum eru eignir í vörslu Veðurstofu Íslands vegna Alþjóðaflugsins ICAO 325,0 m.kr. Ríkisendurskoðun hefur ekki staðfest tilvist eigna samkvæmt yfirlitinu en forstjóri Veðurstofu Íslands samþykkti yfirlitið með áritun á stofnefnahagsreikning pr. 1/1 2017

## 7.1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 184,5 m.kr. í árslok 2017 sem er aukning um 32,9 m.kr. frá fyrra ári. Við endurskoðun voru móttæknar greiðslur í ársbyrjun 2018 til greiðslu viðskiptakrafna yfirfarnar án athugasemda.

## 7.1.3 Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga er gerð samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins á árinu 2017. Í stofnefnahagsreikningi var breytingin færð á eigið fé, en stofnefnahagsreikningur er leiðréttur á árinu eins og fram kemur í yfirlitstöflunni hér að framan. Ríkisendurskoðun bendir á að á þessu stigi er ekki ljóst hvernig staðið verður að fjárveitingu til Veðurstofu Íslands til greiðslu á þessari kröfu og því verður að hafa fyrirvara varðandi eignfærslu.

## 7.1.4 Handbært fé

Handbært fé felst í innistæðu á bankareikningi og nam 107,9 m.kr. í árslok 2017. Bókhaldi bar saman við staðfest yfirlit frá bankastofnunum í árslok 2017.

# 7.2 Eigið fé og skuldir

## 7.2.1 Höfuðstóll

Eigið fé Veðurstofu Íslands nam 30,8 m.kr. í árslok 2017. Við gerð stofnefnahagsreiknings 1/1 2017 var orlofsskuldbinding tæplega 140,0 m.kr. flutt debet á eigið fé þannig að staða eigin fjár varð neikvæð um 109,2 m.kr. Þessi færsla var síðan leiðrétt á árinu 2017 og 140,0 m.kr. orlofsskuldbinding flutt á eignalið, sem krafa á ríkissjóð. Samanburðartölur eru því leiðréttar í yfirlitstöflu. Staða í árslok er því 30,9 m.kr. og breyting frá fyrra ári var 0,1 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

## 7.2.2 Ríkissjóður

Viðskiptareikningur við ríkissjóð var í 262,0 m.kr. skuld á árslok 2017, þegar undan er skilin bókfærð inneign hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindingar. Staðan var stemmd af hjá Fjársýslu ríkisins og hefur versnað um 34,1 m.kr. frá fyrra ári.

## 7.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 85,9 m.kr. í árslok 2017. Viðskiptaskuldir hækkuðu um 31,1 m.kr. frá fyrra ári. Við endurskoðun voru greiðslur í ársbyrjun 2018 til greiðslu skammtímaskulda yfirfarnar án athugasemda.

## 7.2.4 Langtímaskuldir

Langtímalán eru við Isavia vegna kaupa á háloftastöð og veðursjá til að þjónusta alþjóðafluglið (ICAO).

### 7.2.5 Orlofsskuldbinding

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við lög um opinber fjármál. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi. Staðan var 144,1 m.kr. í árlök 2017 og hafði hækkað um 4,1 m.kr. frá fyrra ári. Orlofsskuldbinding er yfirfarin hjá Fjársýslu ríkisins.

### 7.2.6 Ógreidd laun, launaleiðrétting

Skuld við starfsmenn vegna launa stafar eingöngu af leiðréttingu vegna afturvirkra kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 2018. Leiðrétting vegna ársins 2017, sem var í flestum samningum frá 1. september 2017 til ársloka, var gjaldfærð árið 2017 og greidd út þann 1. mars 2018.

### 7.2.7 Frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda er nýr skuldaliður í framhaldi af þeirri breytingu, samkvæmt lögum um opinber fjármál, að gjaldfæra eigi einungis afskriftir af búnaði og var það gert árið 2017. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum, svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölvum og kaup á stærri eignum, eins og bifreiðum og fasteignum, gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári.

Frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda hjá Veðurstofu Íslands er á móti eignum Veðurstofu án eigna ICAO.

## 7.3 Niðurstaða

Endurskoðun efnahagsliða var án athugasemda.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda sem var sent til Ríkisendurskoðunar var undirritað af forstjóra Veðurstofu Íslands þann 24. október 2018.

### 8.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi stofnunarinnar árið 2017 og samkvæmt upplýsingum forstjóra, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Veðurstofu Íslands.

### 8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Veðurstofu Íslands var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstjóra Veðurstofu Íslands.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Veðurstofu Íslands.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)